

STARFSREGLUR um vígslubiskupa nr. 33/2022-2023.

1. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi og skiptist í tvö vígslubiskupsumdæmi, Skálholtsumdæmi og Hólaumdæmi. Um afmörkun umdæmanna er mælt fyrir í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði.

Vígslubiskupar skulu hvor um sig hafa aðsetur í umdæmum sínum á hinum fornu stólum í Skálholti og á Hólum.

2. gr.

Vígslubiskupar starfa í umboði biskups Íslands og eftir þeirri kirkjulegu skipan sem segir í starfsreglum og samþykktum kirkjuþings. Þeir eru biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annast þau biskupsverk er biskup felur þeim svo sem að vígja presta, djákna, kirkjur og kapellur.

Vígslubiskupar hafa tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum, veita andlega leiðsögn og efla kirkjulíf. Þeir hafa tilsjón með að stefnumörkun kirkjunnar sé framfylgt hvað varðar helgihald, boðun, fræðslu og kærleikþjónustu kirkjunnar í umdæmum sínum.

Vígslubiskupar vísitera prestaköll og söfnuði í umdæmum sínum eftir áætlun biskupafundar. Vísitasíur vígslubiskupa beinast einkum að innri þáttum kirkjulífs, hinna vígðu þjónustu, helgihaldi, boðun, sálgæslu og safnaðarstarfi.

3. gr.

Vígslubiskupar hafa tilsjón með starfsmannahaldi einkum hvað varðar handleiðslu, símenntun og sálgæslu presta og starfsmanna kirkjunnar í umdæminu og beitir sér í þeim efnum ef tilefni er til.

4. gr.

Vígslubiskupar skulu annast sáttaumleitanir í umdæmi sínu þegar trúnaðarmönnum eða starfsmönnum kirkjunnar, launuðum jafnt og ólaunuðum, vígðum jafnt og leikum, hefur ekki tekist að jafna ágreining sín á milli og sættir hafa ekki tekist í meðförum prófasts eða hann sagt sig frá málinu.

Vígslubiskupum er heimilt að kalla til aðstoðar fagfólk á sviði sem ágreiningsmál varðar. Skila skal biskupi Íslands skriflegu álitu ef sættir takast ekki.

5. gr.

Vígslubiskupar styðja við starfsemi biskupsstólanna eftir því umboði sem kirkjuþing veitir. Þeir eru biskupi og kirkjuþingi til stuðnings og samráðs í málefnum biskupsstólanna svo og öðrum kirkjulegum stjórnvöldum og koma fram í nafni staðanna og umdæmanna eftir því sem við á.

Vígslubiskupar bera ábyrgð á helgihaldi dómkirkna sinna í samstarfi við viðkomandi prest.

6. gr.

Vígslubiskupar veitir úrlausn í málum sem prófastar vísar til þeirra.

7. gr.

Vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu, er staðgengill biskups Íslands í forföllum og leyfum biskups. Vígslubiskup, sem yngri er að biskupsvígslu, er annar staðgengill.

8. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma falla brott starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006, með síðari breytingum.

Samþykkt á kirkjuþingi í einni umræðu 24. október 2022 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings.